

SAMNINGUR

um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform

Þrítugasti og þriðji fundur aðalráðstefnu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), sem kom saman í París dagana 3.-21. október 2005,

staðfestir að eitt af því sem einkennir mannkynið er menningarleg fjölbreytni,

er sér þess meðvitandi að menningarleg fjölbreytni er sameiginleg arfleifð mannkyns og að hlúa beri að henni og varðveita í þágu allra manna,

gerir sér grein fyrir því að menningarleg fjölbreytni getur af sér fjölskrúðugan og fjölbreytilegan heim með margvíslegum möguleikum þar sem hlúð er að hæfileikum mannsins og gildum og hún er því helsti hvati til sjálfbærrar þróunar samfélaga, þjóðflokka og þjóða,

hefur hugfast að menningarleg fjölbreytni, sem blómstrar þar sem lýðræði, umburðarlyndi, félagslegt réttlæti og gagnkvæm virðing ríkir meðal þjóðflokka og menningarsamfélaga, er ómissandi forsenda friðar og öryggis á staðbundnum, innlendum og alþjóðlegum vettvangi,

fagnar mikilvægi menningarlegrar fjölbreytni við að ná að fullu fram þeim mannréttindum og því grundvallarfrelsi, sem lýst er yfir í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðlega viðurkenndum gerningum,

leggur áherslu á nauðsyn þess að fella menningu, sem mikilvægan stefnumótandi þátt, inn í innlendar og alþjóðlegar stefnur í þróunarmálum, sem og alþjóðlega þróunarsamvinnu, með hliðsjón af þúsaldaryfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna (2000) þar sem sérstök áhersla er lögð á að útrýma fátækt,

hefur hliðsjón af því að menning tekur á sig margar myndir í tíma og rúmi og sú fjölbreytni birtist jafnt í sérstöðu og margbreytileika að því er varðar sjálfsmynd og menningarlega tjáningu þeirra þjóðflokka og samfélaga sem mannkynið samanstendur af,

viðurkennir mikilvægi hefðbundinnar þekkingar sem uppsprettu huglægra og efnislegra verðmæta og þá einkum þekkingarkerfa frumbyggja og þau jákvæðu áhrif sem þau hafa á sjálfbæra þróun, sem og þörfina á að vernda þau og styðja með fullnægjandi hætti,

viðurkennir nauðsyn þess að gera ráðstafanir til að vernda fjölbreytni menningarlegra tjáningarforma, einnig inntak þeirra, einkum við aðstæður þar sem þau eiga það á hættu að deyja út eða verða fyrir alvarlegum skaða,

leggur áherslu á mikilvægi menningar fyrir félagslega samheldni almennt og þá einkum á möguleika hennar til að auka veg og virðingu kvenna í samfélaginu,

gerir sér grein fyrir því að stöðug samskipti og samspil menningarsamfélaga, sem og frjálst hugmyndaflæði, styrkja menningarlega fjölbreytni,

áréttar að hugsanafrelsi, tjáningarfrelsi og frelsi til upplýsingar, sem og fjölbreytilegir fjölmiðar, stuðla að því að menningarleg tjáningarform dafni í samfélögum,

viðurkennir að fjölbreytt menningarleg tjáningarform, þ.m.t. hefðbundin, eru mikilvægur þáttur sem gerir einstaklingum og þjóðflokkum kleift að tjá hugmyndir sínar og gildi og deila þeim með öðrum,

hefur hugfast að margbreytileiki tungumála er lykilþáttur í menningarlegri fjölbreytni og *áréttar* að menntun gegnir lykilhlutverki í að vernda og styðja við menningarleg tjáningarform,

hefur hliðsjón af því hversu mikilvægur lífsþróttur menningarsamfélaga er, einnig fyrir þá sem tilheyra minnihlutahópum og frumbyggja, eins og hann birtist í frelsi þeirra til að skapa, miðla og breiða út hefðbundin menningarleg tjáningarform sín og hafa aðgang að þeim þannig að þau nýtist þeim til áframhaldandi þroska,

leggur áherslu á að samskipti menningarsamfélaga og sköpun menningarverka gegna afar mikilvægu hlutverki við að næra og viðhalda menningarlegum tjáningarformum og auka vægi starfa þeirra sem vinna að þróun menningar öllu samfélaginu til hagsbóta,

viðurkennir mikilvægi hugverkaréttinda við framfærslu þeirra sem vinna að sköpun menningarverka,

er sannfærður um að menningarstarfsemi og vörur og þjónusta á sviði menningar hafi jafnt efnahagslegt sem menningarlegt gildi þar eð þau endurspegla sjálfsmynd, gildi og merkingu og því má ekki að líta svo á að þau hafi eingöngu viðskiptalegt gildi,

gerir sér ljóst að þótt alþjóðavæðingin, sem þróun á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni hefur greitt mjög fyrir, hafi skapað áður óþekkt skilyrði til aukinna samskipta milli menningarsamfélaga, felur hún einnig í sér ögrandi viðfangsefni með tilliti til menningarlegrar fjölbreytni, einkum í ljósi hættunnar á ójafnvægi milli ríkra og fátækra landa,

gerir sér grein fyrir sérstöku hlutverki Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) til að tryggja að virðing sé borin fyrir fjölbreytileika menningarsamfélaga og til að gera tillögur um þá alþjóðlegu samninga sem nauðsynlegir kunna að verða til þess að auðvelda frjálst hugmyndaflæði í orði og myndum,

vísar til ákvæða alþjóðlegra gerninga sem Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt og fjalla um menningarlega fjölbreytni og hvernig framfylgja megi menningarlegum réttindum, einkum yfirlýsingarinnar um menningarlega fjölbreytni frá 2001,

samþykkir samning þennan á 20. degi októbermánaðar 2005.

I. Markmið og leiðbeinandi meginreglur

1. gr. – Markmið

Markmiðin með samningi þessum eru:

- a) að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform,
- b) að skapa skilyrði til þess að menningarsamfélög nái að dafna og hafa með sér frjáls samskipti sem eru öllum aðilum til hagsbóta,
- c) að hvetja til skoðanaskipta milli menningarsamfélaga með það í huga að tryggja aukin og jafnvæg menningarsamskipti í heiminum í þágu gagnkvæmrar virðingar menningarsamfélaga og friðar,
- d) að stuðla að þvermenningarlegum samskiptum í því skyni að þróa samskipti menningarsamfélaga sem miða að því að brúa bilið milli þjóða,
- e) að stuðla að virðingu fyrir fjölbreytilegum menningarlegum tjáningarformum og auka vitund um gildi slíkrar fjölbreytni á staðbundnum, innlendum og alþjóðlegum vettvangi,
- f) að áréttu mikilvægi tengsla milli menningar og þróunar í öllum löndum og þá einkum í þróunarlöndunum, og að styðja við innlendar og alþjóðlegar aðgerðir til að tryggja að raunverulegt gildi þessarar tengsla sé viðurkennt,
- g) að viðurkenna sérstöðu menningarstarfsemi og vara og þjónustu á sviði menningar sem miðla sjálfsmyndar, gilda og merkingar,
- h) að áréttu rétt fullvalda ríkja til að viðhalda, samþykkja og hrinda í framkvæmd stefnum og ráðstöfunum sem þau telja viðeigandi til að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform á yfirráðasvæði sínu,
- i) að styrkja alþjóðlega samvinnu og samstöðu í anda samstarfs með það einkum í huga að auka getu þróunarlandanna til að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform.

2. gr. – Leiðbeinandi meginreglur

1. Meginreglan um virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi

Því aðeins er unnt að vernda og styðja við menningarlega fjölbreytni að mannréttindi og grundvallarfrelsi, s.s. frelsi til tjáningar, upplýsingar og samskipta, svo og möguleikar einstaklinga til að kjósa sér menningarlegt tjáningarform, séu tryggð. Engum er heimilt að bera fyrir sig ákvæði þessa samnings til að brjóta gegn eða takmarka gildissvið mannréttinda og grundvallarfrelsis eins og það er bundið í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna eða sem tryggð eru að þjóðarétti.

2. Meginreglan um fullveldi

Ríki hafa, í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna og meginreglur þjóðaréttar, rétt fullvalda ríkja til að samþykkja ráðstafanir og stefnur til að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform á yfirráðasvæðum sínum.

3. Meginreglan um að allir menn séu jafnir að virðingu og um virðingu fyrir öllum menningarsamfélögum

Við vernd og stuðning við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform er gengið út frá því að viðurkennt sé að virðing allra menningarsamfélaga sé jöfn, þ.m.t. menning þeirra sem tilheyra minnihlutahópum og menning frumbyggja.

4. Meginreglan um alþjóðlega samstöðu og samvinnu

Með alþjóðlegri samvinnu og samstöðu skal miða að því að gera löndum, og þá einkum þróunarlöndum, kleift að skapa sér og styrkja leiðir til menningarlegrar tjáningar, þ.m.t. menningariðnaður þeirra, hvort sem hann er nýr af nálinni eða rôtgróinn, á staðbundnum, innlendum eða alþjóðlegum vettvangi.

5. Meginreglan um að efnahagslegir og menningarlegir þættir þróunar bæti hvor annan upp

Þar sem menning er ein helsta driffjöður þróunar verður að telja menningarlega þætti þróunar jafngilda hinum efnahagslegu sem einstaklingar og þjóðir hafi grundvallarrétt til að taka þátt í og njóta.

6. Meginreglan um sjálfbæra þróun

Menningarleg fjölbreytni er ríkulegur brunnur fyrir einstaklinga og samfélög. Grundvallarkrafa, að því er varðar sjálfbæra þróun, er að vernda, styðja við og viðhalda menningarlegri fjölbreytni til hagsbóta fyrir núlifandi og komandi kynslóðir.

7. Meginreglan um jafnan aðgang

Jafn aðgangur að ríkulegum og fjölbreytilegum menningarlegum tjáningarformum hvaðanæva að úr heiminum og aðgangur menningarsamfélaga að tjáningarformum og leiðum til að miðla þeim eru mikilvægir liðir í að styrkja menningarlega fjölbreytni og ýta undir gagnkvæman skilning.

8. Meginreglan um víðsýni og jafnvægi

Þegar ríki samþykkja ráðstafanir til að styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform skulu þau leitast við, á viðeigandi hátt, að stuðla að víðsýni gagnvart öðrum menningarsamfélögum heimsins og sjá til þess að þær ráðstafanir taki mið af markmiðum þessa samnings.

II. Gildissvið

3. gr. - Gildissvið

Þessi samningur á við um þær stefnur og ráðstafanir sem samningsaðilar samþykkja í tengslum við vernd og stuðning við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform.

III. Skilgreiningar

4. gr. - Skilgreiningar

Í þessum samningi er litið svo á að eftirfarandi gildi:

1. Menningarleg fjölbreytni

„Menningarleg fjölbreytni“ vísar til þess að menning hópa og samfélaga hafi margvísleg tjáningarform. Þessum tjáningarformum er miðlað áfram innan hópa og samfélaga og milli þeirra.

Menningarleg fjölbreytni birtist ekki einungis í því að menningararfi mannkyns er lýst með margvíslegum hætti, hann víkkaður út eða honum miðlað með hinum ýmsu menningarlegu tjáningarformum heldur einnig sem listræn tjáning af ýmsum toga, framleiðsla, miðlun, dreifing og skemmtun eftir hvers konar leiðum og með hvers konar tækni.

2. Menningarlegt inntak

„Menningarlegt inntak“ vísar til táknrænnar merkingar, listrænnar víddar og menningarlegra gilda sem eiga uppruna sinn í eða tjá menningarlega sjálfsmynd.

3. Menningarleg tjáningarform

„Menningarleg tjáningarform“ eru þau tjáningarform sem eiga uppsprettu í sköpunarmætti einstaklinga, hópa og samfélaga og hafa menningarlegt inntak.

4. Menningarstarfsemi og vörur og þjónusta á sviði menningar

„Menningarstarfsemi og vörur og þjónusta á sviði menningar“ vísar til þeirrar starfsemi, vara og þjónustu sem, þegar litið er á þau atriði frá sjónarhóli sérstakra eiginleika þeirra, nota eða tilgangs, fela í sér eða endurspeglar menningarleg tjáningarform, óháð því hvaða viðskiptalegt gildi þau kunna að hafa. Menningarstarfsemi getur verið takmark í sjálfu sér eða hluti af framleiðslu vara og þjónustu á sviði menningar.

5. Menningariðnaður

„Menningariðnaður“ vísar til iðnaðar sem framleiðir eða dreifir vörum eða þjónustu á sviði menningar eins og skilgreint er í 4. lið hér að framan.

6. Stefnur og ráðstafanir á sviði menningarmála

„Stefnur og ráðstafanir á sviði menningarmála“ vísar til stefna og ráðstafana sem varða menningu á staðbundnum, innlendum, svæðisbundnum eða alþjóðlegum vettvangi sem leggja áherslu á annaðhvort menningu sem slíka eða eiga að hafa bein áhrif á menningarleg tjáningarform einstaklinga, hópa eða samfélaga, þ.m.t. sköpun, framleiðsla, miðlun, dreifing og aðgangur að menningarstarfsemi og vörum og þjónustu á sviði menningar.

7. Vernd

„Vernd“ merkir samþykkt ráðstafana sem miða að því að varðveita, vernda og auka fjölbreytileika menningarlegra tjáningarforma.

„Að vernda“ merkir að gera slíkar ráðstafanir.

8. Þvermenningarleg samskipti

„Þvermenningarleg samskipti“ vísa til þess að fyrir hendi séu samskipti milli ólíkra menningarsamfélaga á jafnréttisgrundvelli og að mögulegt sé að sameiginleg menningarleg tjáningarform verði til með skoðanaskiptum og gagnkvæmri virðingu.

IV. Réttindi og skyldur aðila

5. gr. – Almenn regla um réttindi og skyldur

1. Samningsaðilarnir áréttu, í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna, meginreglur þjóðaréttar og alþjóðlega viðurkennda gerninga um mannréttindi, rétt sinn sem fullvalda þjóða til að móta og framkvæma stefnu sína í menningarmálum og samþykkja ráðstafanir til að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform og styrkja alþjóðlega samvinnu til að ná markmiðum þessa samnings.

2. Þegar samningsaðili hrindir stefnu sinni í framkvæmd og gerir ráðstafanir til að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform á yferráðasvæði sínu skal stefna hans og ráðstafanir vera í samræmi við ákvæði þessa samnings.

6. gr. – Réttur samningsaðila á innlendum vettvangi

1. Hverjum samningsaðila er heimilt, innan ramma síns um stefnur og ráðstafanir í menningarmálum, eins og skilgreint er í 6. mgr. 4. gr., og með hliðsjón af eigin aðstæðum og þörfum, að samþykkja ráðstafanir sem miða að því að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform á yferráðasvæði sínu.

2. Undir slíkar ráðstafanir geta m.a. fallið:

a) stjórnvaldsráðstafanir, sem miða að því að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform,

b) ráðstafanir, sem veita, á viðeigandi hátt, tækifæri til að skapa, framleiða, miðla, dreifa og bjóða til skemmtunar innlenda menningarstarfsemi og vörur og þjónustu á sviði menningar meðal alls þess sem er í boði á innlenda yfirráðasvæðinu, þ.m.t. ákvæði er varða tungumálið sem er notað í tengslum við slíka starfsemi, vörur og þjónustu,

c) ráðstafanir, sem miða að því að veita innlendum, sjálfstæðum menningariðnaði og -starfsemi í óformlega geiranum greiðan aðgang að leiðum til að framleiða, miðla og dreifa menningarstarfsemi og vörum og þjónustu á sviði menningar,

d) ráðstafanir, sem miða að því að veita aðstoð með opinberum fjárveitingum,

e) ráðstafanir, sem miða að því að hvetja félagasamtök, sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, sem og opinberar og einkareknar stofnanir og listamenn og aðra fagmenn sem starfa á sviði menningarmála, til að þróa og ýta undir fjáls skipti og miðlun á hugmyndum, menningarlegum tjáningarformum, menningarstarfsemi og vörum og þjónustu á sviði menningar og örva bæði sköpun og framtakssemi í starfsemi þeirra,

f) ráðstafanir, sem miða að því að koma á fót og styðja opinberar stofnanir, eftir því sem við á,

g) ráðstafanir, sem miða að því að hlúa að og styðja við listamenn og aðra þá sem taka þátt í sköpun menningarlegra tjáningarforma,

h) ráðstafanir sem miða að því að auka fjölbreytni í fjölmiðlun, þ.m.t. með almannauitvarpi.

7. gr. – Ráðstafanir til að styðja við menningarleg tjáningarform

1. Samningsaðilar skulu leitast við að skapa á yfirráðasvæðum sínum hvetjandi umhverfi fyrir einstaklinga og þjóðfélagshópa til að:

a) skapa, framleiða, miðla, dreifa og leita aðgangs að eigin menningarlegum tjáningarformum, þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til sérstakra aðstæðna og þarfa kvenna, sem og ýmissa þjóðfélagshópa, þ.m.t. þeir sem tilheyra minnihlutahópum og frumbyggjum,

b) leita aðgangs að ýmiss konar menningarlegum tjáningarformum á eigin yfirráðasvæði og frá öðrum löndum heims.

2. Samningsaðilar skulu enn fremur leitast við að viðurkenna mikilvægt framlag listamanna, annarra sem taka þátt í sköpunarferlinu, menningarsamfélaga og samtaka, sem styðja verk þeirra, og meginhlutverk þeirra við að hlúa að fjölbreytilegum menningarlegum tjáningarformum.

8. gr. – Ráðstafanir til að vernda menningarleg tjáningarform

1. Með fyrirvara um ákvæði 5. og 6. gr. er samningsaðila heimilt að ákvarða hvenær sérstakar aðstæður eru fyrir hendi sem skapa hættu á að menningarleg tjáningarform á yfirráðasvæði hans deyi út, sem ógna tilvist slíkra tjáningarforma verulega eða sem kalla á vernd þeirra af öðrum knýjandi ástæðum.

2. Samningsaðilum er heimilt að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda og styðja við menningarleg tjáningarform við þær aðstæður, sem um getur í 1. mgr., á þann hátt sem samrýmist ákvæðum þessa samnings.

3. Samningsaðilarnir skulu tilkynna milliríkjanefndinni, er um getur í 23. gr., um allar ráðstafanir sem eru gerðar til að mæta knýjandi aðstæðum og er nefndinni heimilt að koma með viðeigandi tillögur.

9. gr. – Upplýsingaskipti og gagnsæi

Samningsaðilar skulu:

a) leggja fram viðeigandi upplýsingar í skýrslum sínum til Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna á fjögurra ára fresti um ráðstafanir sem eru gerðar til að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform á yferráðasvæðum þeirra og á alþjóðlegum vettvangi,

b) tilnefna tengilið sem ber ábyrgð á upplýsingaskiptum í tengslum við þennan samning,

c) miðla og skiptast á upplýsingum um vernd og stuðning við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform.

10. gr. – Fræðsla og almenningsvitund

Samningsaðilar skulu:

a) hvetja til og stuðla að auknum skilningi á mikilvægi þess að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform, m.a. með áætlunum um fræðslu og til að efla vitund almennings,

b) vinna með öðrum samningsaðilum og alþjóðlegum og svæðisbundnum stofnunum að því að ná markmiðum þessarar greinar,

c) leitast við að hvetja til sköpunar og auka framleiðslugetu með því að koma á fræðslu-, þjálfunar- og skiptiáætlunum innan menningariðnaðarins. Koma skal þessum ráðstöfunum til framkvæmda án þess að það hafi neikvæð áhrif á hefðbundnar framleiðsluaðferðir.

11. gr. – Þátttaka borgaralegs samfélags

Samningsaðilar viðurkenna hið mikilvæga hlutverk borgaralegs samfélags við að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform. Samningsaðilar skulu hvetja til virkrar þátttöku hins borgaralega samfélags við að ná markmiðum þessa samnings.

12. gr. – Hvatt til alþjóðlegrar samvinnu

Samningsaðilar skulu leitast við að styrkja tvíhliða, svæðisbundna og alþjóðlega samvinnu í því skyni að skapa aðstæður sem styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform, einkum með hliðsjón af þeim aðstæðum sem um getur í 8. og 17. gr., nánar tiltekið til að:

- a) greiða fyrir skoðanaskiptum meðal samningsaðila um stefnu í menningarmálum,
- b) auka getu hins opinbera til að skipuleggja og stjórna opinberum menningarstofnunum, með því að skiptast á fagmönnum og taka upp menningarsamskipti auk þess að skiptast á reynslu um bestu starfsvenjur,
- c) styðja við samstarf við og meðal borgaralegs samfélags, frjálsra félagasamtaka og einkageirans um að hlúa að og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform,
- d) styðja við notkun nýrrar tækni, hvetja til samstarfs um að auka upplýsingaskipti og skilning á menningu annarra og hlúa að fjölbreytilegum menningarlegum tjáningarformum,
- e) hvetja til þess að gerðir verði samstarfssamningar um framleiðslu og dreifingu.

13. gr. – Samþætting menningar í sjálfbærri þróun

Samningsaðilar skulu leitast við að fella menningu inn í stefnu sína í þróunarmálum á öllum stigum í því skyni að skapa skilyrði sem stuðla að sjálfbærri þróun og hlúa að þáttum er varða vernd og stuðning við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform innan ramma þess.

14. gr. – Samstarf um þróun

Samningsaðilar skulu leitast við að styðja við samstarf um sjálfbæra þróun og um að draga úr fátækt, einkum í tengslum við sérþarfir þróunar-landanna, í því skyni að vinna að því að öflugur menningargeiri verði til, m.a. með eftirfarandi aðferðum:

- a) styrkja menningariðnað þróunarlanda með því að:
 - i. skapa og styrkja framleiðslu- og dreifingargetu þróunarlandanna á sviði menningarmála,
 - ii. greiða fyrir víðtækari aðgangi að heimsmarkaði og alþjóðlegum dreifingarnetum fyrir menningarstarfsemi þeirra og vörur og þjónustu á sviði menningar,
 - iii. stuðla að því að til verði lífvænlegur markaður á staðar- og svæðisvísu,
 - iv. samþykkja, þar sem unnt er, viðeigandi ráðstafanir í iðnríkjunum til að menningarstarfsemi þróunarlanda og vara og þjónusta þeirra á sviði menningar eigi greiðari leið að yfirráðasvæðum þeirra,
 - v. styðja við skapandi starf og greiða fyrir hreyfanleika listamanna frá þróunarlöndunum eftir því sem unnt er,
 - vi. hvetja til viðeigandi samstarfs milli iðnríkja og þróunarlanda, m.a. á sviði tónlistar og kvikmyndagerðar.

b) Uppbygging færni með upplýsingaskiptum og miðlun reynslu og sérþekkingar, svo og þjálfun mannauðs í þróunarlöndunum, í opinbera geiranum og einkageiranum er tengist m.a. færni til skipulagningar og stjórnunar, stefnumótun og framkvæmd, stuðningi við og dreifingu á menningarlegum tjáningarformum, þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja og örfyrirtækja, tækninotkun, og þróun og miðlun færni.

c) Miðlun tækni með innleiðingu viðeigandi, hvetjandi ráðstafana til að miðla á tækni og tækniþekkingu, einkum á sviðum menningariðnaðar og menningarfyrirtækja.

d) Fjárstuðningur með:

i. stofnun Alþjóðasjóðs fyrir menningarlega fjölbreytni eins og kveðið er á um í 18. gr.,

ii. opinberri þróunaraðstoð, eftir því sem við á, þ.m.t. tækniástoð til að örva og styðja við sköpun,

iii. annars konar fjárhagsaðstoð, t.d. með lánum á lágum vöxtum, styrkjum og öðrum sjóðakerfum.

15. gr. – Fyrirkomulag samstarfs

Samningsaðilar skulu hvetja til þróunar á samstarfi milli og innan opinbera geirans og einkageirans og félagasamtaka, sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, í því skyni að taka upp samstarf við þróunarlöndin til að auka getu þeirra til að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform. Í þessu nýstárlega samstarfi skal, í samræmi við raunverulegar þarfir þróunarlandanna, leggja áherslu á frekari þróun grunnvirkja, mannauðs og stefnu, sem og á skipti með menningarstarfsemi og vörur og þjónustu á sviði menningar.

16. gr. – Fríðindameðferð til handa þróunarlöndum

Iðnríkin skulu greiða fyrir menningarsamskiptum við þróunarlöndin með því að veita listamönnum og fagmönnum og öðrum þeim sem starfa á sviði menningarmála, sem og vörum og þjónustu þróunarlandanna á sviði menningar, fríðindameðferð á grundvelli viðeigandi stofnana- og lagaramma.

17. gr. – Alþjóðleg samvinna þegar menningarlegum tjáningarformum er veruleg hættu búin

Samningsaðilar skulu hafa með sér samstarf um að veita hver öðrum aðstoð, og þá einkum þróunarlöndunum, við þær aðstæður sem um getur í 8. gr.

18. gr. – Alþjóðasjóður fyrir menningarlega fjölbreytni

1. Hér með er komið á fót Alþjóðasjóði fyrir menningarlega fjölbreytni, hér á eftir nefndur „sjóðurinn“.

2. Sjóðurinn er myndaður af vörslusjóðum sem stofnaðir eru í samræmi við fjárhagsreglugerðir Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

3. Tekjustofnar sjóðsins skulu vera:

a) frjáls framlög samningsaðila,

b) fjármagn sem aðalráðstefna Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) veitir til þessa,

c) framlög, gjafir eða dánargjafir frá öðrum ríkjum, stofnunum og áætlunum á vegum Sameinuðu þjóðanna, öðrum svæðisbundnum eða alþjóðlegum stofnunum, og frá opinberum eða einkareknum stofnunum eða einstaklingum,

d) vextir af fjármunum sjóðsins,

e) fjármagn, sem aflað er með söfnun, og tekjur af fjáröflun, sem skipulögð er í þágu sjóðsins,

f) annað fjármagn sem er heimilað samkvæmt reglum sjóðsins.

4. Milliríkjanefndin skal ákveða hvernig fjármagni sjóðsins skuli varið á grundvelli viðmiðunarreglna sem ráðstefna samningsaðila, er um getur í 22. gr., ákvarðar.

5. Milliríkjanefndinni er heimilt að þiggja framlög og aðra aðstoð í almennum og sérstökum tilgangi í tengslum við sérstök verkefni, að því tilskildu að hún hafi samþykkt verkefnin.

6. Ekki er heimilt að setja nein pólitísk, efnahagsleg eða önnur skilyrði, sem eru ekki samrýmanleg markmiðum samnings þessa, í tengslum við framlög til sjóðsins.

7. Samningsaðilar skulu leitast við að leggja reglulega til frjáls framlög til framkvæmdar þessum samningi.

19. gr. – Skipti á, greining og miðlun upplýsinga

1. Samningsaðilar samþykkja að skiptast á upplýsingum og miðla sérþekkingu varðandi gagnaöflun og tölulegar upplýsingar um fjölbreytileg menningarleg tjáningarform sem og um bestu starfsvenjur við vernd þeirra og stuðning við þau.

2. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna skal greiða fyrir öflun, greiningu og miðlun allra viðeigandi upplýsinga, einnig tölulegra, og bestu starfsvenja með því að nota fyrirbyggjandi kerfi innan skrifstofunnar.

3. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna skal einnig koma á fót og uppfæra gagnabanka um hina ýmsu geira og ríkisstofnanir, einkaaðila og félagasamtök, sem eru ekki rekin í hagnaðarskygni, sem fjalla um menningarleg tjáningarform.

4. Til að auðvelda gagnaöflun skal Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna einkum beina athygli sinni að því að auka færni og styrkja sérfræðikunnáttu þeirra samningsaðila sem fara fram á slíka aðstoð.

5. Öflun upplýsinga, sem fjallað er um í þessari grein, skal koma til fyllingar upplýsingum sem er aflað samkvæmt ákvæðum 9. gr.

V. Tengsl við aðra gerninga

20. gr. - Tengsl við aðra sáttmála: gagnkvæmur stuðningur, fylling og jafngildi

1. Samningsaðilar viðurkenna að þeim beri að uppfylla, í góðri trú, skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi og öllum öðrum sáttmálum sem þeir eiga aðild að. Því skulu þeir, án þess að skipa þessum samningi skör neðar öðrum sáttmálum,

a) vinna að því að þessi samningur og aðrir sáttmálar, sem þeir eiga aðild að, styðji hver annan með gagnkvæmum hætti og

b) hafa hliðsjón af viðeigandi ákvæðum þessa samnings við túlkun og beitingu annarra sáttmála, sem þeir eiga aðild að, og þegar þeir taka á sig nýjar, alþjóðlegar skuldbindingar.

2. Ekkert í þessum samningi skal túlka á þann veg að það breyti réttindum og skyldum samningsaðila samkvæmt öðrum sáttmálum sem þeir eiga aðild að.

21. gr. – Alþjóðlegt samráð og samræming

Samningsaðilar skuldbinda sig til að vinna að markmiðum og meginreglum þessa samnings á öðrum alþjóðlegum vettvangi. Í þessu skyni skulu samningsaðilar hafa með sér samráð, eftir því sem við á, með þessi markmið og meginreglur í huga.

VI. Stofnanir samningsins

22. gr. – Ráðstefna samningsaðila

1. Ráðstefnu samningsaðila skal komið á fót. Ráðstefna samningsaðila skal vera fullskipuð og æðsta stofnun samningsins.

2. Ráðstefna samningsaðila skal koma saman á fundi annað hvert ár, eftir því sem við verður komið, í tengslum við aðalráðstefnu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Hún getur haldið aukafundi ef hún ákveður svo eða ef milliríkjanefndin fær beiðni þar um frá a.m.k. einum þriðja hluta samningsaðila.

3. Ráðstefna samningsaðila skal setja sér starfsreglur.

4. Hlutverk ráðstefnu samningsaðila skal m.a. vera:

a) að kjósa fulltrúa í milliríkjanefndina,

b) að taka við og fjalla um skýrslur aðila að samningnum sem milliríkjanefndin sendir henni,

c) að samþykkja viðmiðunarreglur um verklag sem milliríkjanefndin hefur tekið saman að beiðni ráðstefnunnar,

d) að gera hverjar þær ráðstafanir sem hún kann að telja nauðsynlegar til að vinna að markmiðum þessa samnings.

23. gr. – Milliríkjanefnd

1. Milliríkjanefnd um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform (hér á eftir nefnd „milliríkjanefndin“) skal stofnuð innan Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Í henni skulu eiga sæti fulltrúar frá 18 ríkjum sem eiga aðild að þessum samningi og skulu þeir kjörnir af ráðstefnu samningsaðila til fjögurra ára við gildistöku þessa samnings í samræmi við 29. gr.

2. Milliríkjanefndin skal koma saman árlega.

3. Milliríkjanefndin skal starfa undir stjórn og leiðsögn ráðstefnu samningsaðila og vera ábyrg gagnvart henni.

4. Fjölga skal fulltrúum í milliríkjanefndinni í 24 þegar fjöldi aðila að samningnum nær 50.

5. Kjör fulltrúa í milliríkjanefndina skal fylgja meginreglum um jafna, landfræðilega dreifingu fulltrúa og skulu samningsaðilar til skiptis eiga rétt til setu í nefndinni.

6. Með fyrirvara um önnur störf, sem þessi samningur felur milliríkjanefndinni, skal hlutverk hennar vera:

a) að vinna að markmiðum þessa samnings og stuðla að og fylgjast með framkvæmd hans,

b) að semja viðmiðunarreglur um verklag við framkvæmd og beitingu ákvæða samningsins og leggja fyrir ráðstefnu samningsaðila til samþykktar, að hennar beiðni,

c) að leggja skýrslur aðila að samningnum fyrir ráðstefnu samningsaðila ásamt athugasemdum og útdrætti úr efni þeirra,

d) að gera viðeigandi tillögur um aðgerðir við aðstæður, sem aðilar að samningnum vekja athygli á í samræmi við viðeigandi ákvæði samningsins, einkum 8. gr.,

e) að koma á málsmeðferð og öðrum aðferðum fyrir samráð sem miða að því að vinna að markmiðum og meginreglum þessa samnings á öðrum alþjóðlegum vettvangi,

f) að leysa hver þau verkefni önnur sem ráðstefna samningsaðila kann að fara fram á.

7. Milliríkjanefndinni er hvenær sem er heimilt, í samræmi við starfsreglur sínar, að bjóða opinberum eða einkareknum stofnunum eða einstaklingum að taka þátt í samráðsfundum sínum um tiltekin málefni.

8. Milliríkjanefndin skal semja starfsreglur sínar og leggja þær fyrir ráðstefnu sammingsaðila til samþykktar.

24. gr. – Skrifstofa Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna

1. Stofnanir sammingsins skulu njóta aðstoðar skrifstofu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.
2. Skrifstofan skal útbúa gögn fyrir ráðstefnu sammingsaðila og milliríkjanefndina, semja dagskrá funda þeirra og veita aðstoð við og annast skýrslugerð vegna framkvæmdar á ákvörðunum þeirra.

VII. Lokaákvæði

25. gr. – Lausn deilumála.

1. Komi til deilna milli aðila að samningnum varðandi túlkun eða beitingu hans skulu þeir leitast við að leysa hana með samningaviðræðum.
2. Ef hlutaðeigandi sammingsaðilar ná ekki samkomulagi með samningaviðræðum er þeim heimilt að leita sameiginlega aðstoðar eða fara fram á málamiðlun þriðja aðila.
3. Ef aðstoðar eða málamiðlunar er ekki leitað eða lausn deilunnar fæst ekki með samningaviðræðum, aðstoð eða málamiðlun er sammingsaðila heimilt, í samræmi við málsmeðferðina í viðaukanum við þennan samning, að hefja sáttaumleitanir. Sáttanefndin skal skila tillögu um lausn að deilunni sem sammingsaðilar skulu ígrunda í góðri trú.
4. Hverjum sammingsaðila er heimilt, við fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, að lýsa því yfir að hann viðurkenni ekki þá sáttameðferð sem kveðið er á um hér að framan. Hverjum sammingsaðila, sem lagt hefur fram slíka yfirlýsingu, er heimilt að draga hana til baka hvenær sem er með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

26. gr. – Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild aðildarríkjanna

1. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild aðildarríkja Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna í samræmi við stjórnskipulega málsmeðferð hvers þeirra um sig.
2. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

27. gr. – Aðild

1. Aðild að samningi þessum er opin öllum ríkjum sem ekki eru aðilar að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, en eru aðilar að Sameinuðu þjóðunum eða einhverri af sérstofnunum þeirra, og er boðið af aðalráðstefnu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna að gerast aðilar að honum.

2. Yfirráðasvæðum, sem njóta fullrar sjálfsstjórnar í innri málefnum og Sameinuðu þjóðirnar viðurkenna sem slík, en hafa ekki öðlast fullt sjálfstæði í samræmi við XV. gr. ályktunar allsherjarþingsins nr. 1514, og hafa vald í málum sem falla undir samning þennan, t.d. til að gera samninga um slík mál, er heimilt að gerast aðilar að þessum samningi.

3. Eftirfarandi ákvæði gilda um svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu:

a) Sérhverri svæðisstofnun um efnahagssamvinnu er heimilt að gerast aðili að þessum samningi og skal hún þá, með fyrirvara um það sem kveðið er á um hér á eftir, vera algerlega bundin af ákvæðum samningsins á sama hátt og þau ríki sem hafa gerst aðilar að honum.

b) Þegar eitt eða fleiri aðildarríki að slíkri stofnun eru einnig aðilar að þessum samningi skulu stofnunin og aðildarríkið eða -ríkin, taka ákvörðun um hvaða ábyrgð hvert og eitt þeirra skuli bera þegar kemur að því að efna skuldbindingar þeirra samkvæmt samningnum. Slík dreifing ábyrgðar skal öðlast gildi þegar þeirri málsmeðferð um tilkynningar, sem er lýst í c-lið, er lokið. Stofnunin og aðildarríkin geta ekki neytt réttar síns samkvæmt samningnum samtímis. Svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu skulu auk þess, í málum sem eru á valdsviði þeirra, neyta atkvæðisréttar síns með sama fjölda atkvæða og fjöldi aðildarríkja þeirra, sem eru aðilar að samningi þessum, segir til um. Slík stofnun skal ekki neyta atkvæðisréttar síns ef eitthvert aðildarríki hennar neytir hans og öfugt.

c) Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu og aðildarríki hennar, eitt eða fleiri, sem hafa komið sér saman um dreifingu ábyrgðar, eins og kveðið er á um í b-lið, skulu tilkynna samningsaðilum um hvernig slíkri dreifingu ábyrgðar er háttað sem hér segir:

i) slík stofnun skal, í skjali sínu um aðild lýsa nákvæmlega yfir hver dreifing ábyrgðar þeirra er í þeim málum sem samningur þessi tekur til,

ii) ef síðar er gerð breyting á verkefnum hvers og eins skal svæðisstofnunin um efnahagssamvinnu upplýsa vörsluaðilann um slíkar breytingar sem skal aftur tilkynna samningsaðilum um þær.

d) Litið skal svo á að aðildarríki svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu, sem gerast aðilar að þessum samningi, haldi valdheimildum sínum í öllum málum þar sem því hefur ekki verið lýst yfir eða tilkynnt um það til vörsluaðila að valdheimildir þeirra flytjist til stofnunarinnar.

e) „Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu“ merkir stofnun sem fullvalda ríki, sem eiga aðild að Sameinuðu þjóðunum eða einhverri af sérstofnunum þeirra, setja á fót og þau hafa úthlutað valdheimildum vegna málefna sem samningur þessi nær til og sem hefur fengið fulla heimild í samræmi við innri starfsreglur sínar til að gerast aðili að honum.

4. Skjöl um aðild skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

28. gr. – Tengiliður

Samningsaðili skal, eins og um getur í 9. gr., tilnefna tengilið þegar hann gerist aðili að þessum samningi.

29. gr. – Gildistaka

1. Samningur þessi öðlast gildi eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi að þrítugasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, en þó einungis gagnvart þeim ríkjum eða svæðisstofnunum um efnahagssamvinnu sem hafa afhent skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild eigi síðar en á þeim degi. Samningurinn öðlast gildi gagnvart öðrum samningsaðilum þremur mánuðum eftir að skjöl hvers þeirra um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild eru afhent til vörslu.

2. Að því er varðar þessa grein skal ekki líta svo á að skjal, sem svæðisstofnun um efnahagssamvinnu afhendir til vörslu, komi til viðbótar þeim skjölum sem aðildarríki stofnunarinnar afhenda til vörslu.

30. gr. – Sambandsríki eða ríki með stjórnkerfi sem ekki lýtur einni heildarstjórn

Í ljósi þess að alþjóðlegir samningar eru jafnbindingandi fyrir alla samningsaðila, óháð því hvert stjórnkerfi þeirra er, skulu eftirfarandi ákvæði gilda um samningsaðila með sambandsstjórn eða stjórnkerfi sem lýtur ekki einni heildarstjórn:

a) skuldbindingar sambandsstjórnar eða miðstjórnar skulu vera hinar sömu og samningsaðilar, sem eru ekki sambandsríki, eru bundnir af að því er varðar þau ákvæði þessa samnings sem heyra, með tilliti til framkvæmdar, undir lögsögu sambandslöggjafarvalds eða miðstýrðs löggjafarvalds,

b) stjórn sambandsríkisins skal, að því er varðar þau ákvæði samningsins sem heyra, með tilliti til framkvæmdar, undir lögsögu einstakra eininga, s.s. ríkja, fylkja, héraða eða kantóna, sem eru ekki skuldbundin samkvæmt stjórnskipan sambandsríkisins til þess að setja lagaákvæði, upplýsa lögbær yfirvöld hinna einstöku eininga, s.s. ríkja, fylkja, héraða eða kantóna, eftir því sem nauðsyn krefur, um þessi ákvæði og mæla með því að þau verði samþykkt.

31. gr. – Uppsögn

1. Hver samningsaðili um sig getur sagt samningnum upp.

2. Uppsögn skal tilkynnt skriflega og afhent aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

3. Uppsögnin öðlast gildi tólf mánuðum eftir viðtöku uppsagnarskjalsins. Hún hefur ekki áhrif á fjárhagslegar skuldbindingar uppsagnarríkisins fyrir en á þeim degi sem hún öðlast gildi.

32. gr. – Hlutverk vörsluaðila

Aðalframkvæmdastjóri Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna skal, sem vörsluaðili þessa samnings, tilkynna aðildarríkjum stofnunarinnar, þeim ríkjum utan stofnunarinnar og svæðisstofnunum um efnahagssamvinnu, sem um getur í 27. gr., og Sameinuðu þjóðunum um afhendingu allra skjala um fullgildingu, staðfestingu, samþykki og aðild, sem kveðið er á um í 26. og 27. gr., til vörslu, svo og um þær uppsagnir sem kveðið er á um í 31. gr.

33. gr. – Breytingar

1. Aðili að þessum samningi getur gert tillögur um breytingar á honum með skriflegri orðsendingu sem er stíluð á aðalframkvæmdastjórann. Aðalframkvæmdastjórinn skal dreifa slíkri orðsendingu til allra samningsaðilanna. Ef a.m.k. helmingur samningsaðilanna hefur tekið undir beiðnina innan sex mánaða frá því að orðsendingin var send skal aðalframkvæmdastjórinn leggja tillöguna fram á næsta fundi ráðstefnu samningsaðila til umfjöllunar og hugsanlegrar samþykktar.

2. Breytingar skulu samþykktar með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra samningsaðila sem sækja fundinn og greiða atkvæði.

3. Þegar breytingar á samningi þessum hafa verið samþykktar skal leggja þær fyrir samningsaðilana til fullgildingar, staðfestingar, samþykkis eða aðildar.

4. Breytingar á þessum samningi öðlast gildi gagnvart þeim samningsaðilum sem hafa fullgilt, staðfest, samþykkt eða gerst aðilar að þeim, þremur mánuðum eftir að tveir þriðju hlutar samningsaðila hafa afhent skjölin sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar. Eftir það öðlast breyting gildi, að því er hvern samningsaðila varðar sem fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að breytingunni, þremur mánuðum eftir að hann afhenti til vörslu skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild.

5. Málsmeðferðin, sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr., á ekki við um breytingar á 23. gr. varðandi fjölda fulltrúa í milliríkjanefndinni. Þær breytingar öðlast gildi um leið og þær eru samþykktar.

6. Ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem um getur í 27. gr., sem gerist aðili að þessum samningi eftir að breytingar í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar öðlast gildi, telst, ef það lætur ekki í ljós annan ásetning:

a) vera aðili að þessum samningi með áorðnum breytingum og

b) vera aðili að óbreyttum samningi gagnvart öðrum samningsaðila sem er ekki bundinn af breytingunum.

34. gr. – Gildir textar

Samningur þessi er gerður á arabísku, kínversku, ensku, frönsku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir sex jafngildir.

35. gr. – Skráning

Samningur þessi skal skráður, í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, hjá skrifstofu Sameinuðu þjóðanna að beiðni aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

VIÐAUKI

Sáttameðferð

1. gr. – Sáttanefnd

Koma skal á fót sáttanefnd að beiðni eins deiluaðila. Nefndina skipa fimm nefndarmenn, nema samningsaðilar komi sér saman um annað, þar af skal hvor deiluaðili skipa tvo nefndarmenn sem skulu velja formann í sameiningu.

2. gr. – Nefndarmenn

Í deilum milli fleiri samningsaðila en tveggja skulu þeir samningsaðilar, sem hafa sömu hagsmuna að gæta, gera með sér samkomulag um að tilnefna sína nefndarmenn sameiginlega.

Ef tveir samningsaðilar eða fleiri hafa ólíkra hagsmuna að gæta eða óeining er um það hvort hagsmunir þeirra fari saman skulu þeir tilnefna sína nefndarmenn hver fyrir sig.

3. gr. – Tilnefningar

Ef deiluaðilar ganga ekki frá tilnefningum sínum innan tveggja mánaða frá því að óskað var eftir því að stofnuð yrði sáttanefnd skal aðalframkvæmdastjóri Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, að beiðni þess aðila sem bar óskina fram, annast slíkar tilnefningar innan tveggja mánaða þaðan í frá.

4. gr. – Formaður nefndarinnar

Hafi formaður sáttanefndarinnar ekki verið valinn innan tveggja mánaða frá því að síðasti nefndarmaður var tilnefndur skal aðalframkvæmdastjóri Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna tilnefna formann innan tveggja mánaða þaðan í frá ef deiluaðili fer fram á það.

5. gr. – Ákvarðanir

Ákvarðanir sáttanefndarinnar skulu teknar með meirihluta atkvæða. Sáttanefndin setur sér starfsreglur nema deiluaðilar komi sér saman um annað. Hún skal skila tillögu um lausn deilunnar sem deiluaðilar skulu ígrunda í góðri trú.

6. gr. – Ósamkomulag

Sáttanefndin skal sjálf ákveða valdheimildir sínar ef upp kemur ósamkomulag um það atriði.